

Vanræksla í þessu efni varðar missi réttinda til þess að mega kaupa og nota efni og efnasamsetningar í hættuflokkum X og A.

Heilbrigðisnefndir, hver á sínum stað, hafa eftirlit með geymslu leyfishafa, enda tilkynni eiturefnanefnd hlutaðeigandi heilbrigðisnefndum nöfn og heimilisfang leyfishafa.

Efni og efnasamsetningar í hættuflokkum B og C skal varðveita fjarri mat- og fóðurvörum og þannig, að börn nái ekki til.

Tæmd ílát, önnur en uðabrúsa, skal brenna við mikinn hita, ef þess er nokkur kostur og grafa öskuna í jörð. Ella skal grafa tæmd ílát (götuð, beygluð eða brotin) í jörð, ekki minna en hálfan metra niður fjarri vötnum eða vatnsbólum eða endursenda þau vel lukt og vel merkt, ef svo er um samið. Bannað er að nota tæmd ílát á ný. Heimilt er að farga litlu magni úðavökva með því að dreifa honum á jarðveg á víðavangi og einnig má farga litlu magni efna og efnasamsetningar með því að grafa í jörð, minnst hálfan metra niður. Til þess skal velja staði, sem fjarri eru híbýlum manna, vatni, og vatnsbólum og utan ræktaðs lands og beitolands.

Eigi má farga meiri háttar birgðum efna og efnasamsetningar nema með samþykki hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar eða samkvæmt reglum, sem Hollustuvernd ríkisins setur, að höfðu samráði við eiturefnanefnd og Vinnueftirlit ríkisins.

8. gr.

#### **Viðurlög.**

Um mál, er rísa kunna út af brotum á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

Um refsingar fer samkvæmt 23. gr. laga nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni.

9. gr.

#### **Gildistaka.**

Ofangreindar reglur, sem settar eru af Hollustuvernd ríkisins, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 50/1984, um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, staðfestist hér með samkv. 14. gr. laga nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. apríl 1984.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## **REGLUR**

### **fyrir samvinnunefnd um skipulagsmál Eyjafjarðarsvæðisins.**

1. gr.

Samvinnunefnd um skipulagsmál Eyjafjarðarsvæðisins hér eftir kölluð samvinnunefnd er svo skipuð: Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar, en að öðru leyti er hún skipuð fulltrúum tilnefndum af sveitarstjórnnum eftirtalinna sveitarfélaga, tveir frá hverju og jafn margir til vara: Akureyrarbær, Dalvíkurbær, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur, Öxnadalshreppur, Saurbæjarhreppur, Grýtubakka-hreppur, Hálshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Öngulstaðahreppur, Svalbarðsstrandahreppur.

Skipulagsstjóri ríkisins, skipulagsstjóri Akureyrar, fulltrúi frá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar, bæjarverkræðingur Akureyrar, byggingafulltrúi hreppanna og aðrir sem nefndin kann að óska að kveða til, hafa rétt til fundarsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Önnur sveitarfélög á svæðinu geta gerst aðilar að nefndinni með sömu réttindum og skyldum.

## 2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að samræmingu á skipulagi þess svæðis er umrædd sveitarfélög ná yfir. Nú verður ágreiningur um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé, og sker þá skipulagsstjórn úr.

## 3. gr.

Formaður boðar nefndina til fundar með a. m. k. viku fyrirvara, þegar hann telur þörf á, eða ef eitthvert aðildarsveitarfélagið óskar eftir fundi. Formaður ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki tekið ákvörðun um mál, er varðar sérstaklega skipulag eða beina hagsmuni tiltekins sveitarfélags, ef fulltrúar (fulltrúi) þess lýsa sig andvíga þeirri ákvörðun, eða eru ekki á fundinum.

Nefndin kýs sér ritara og vararitara. Halda skal gerðabók og skal formaður og ritari undirrita hana í fundarlok. Sá fundarmaður sem ósamþykkur er ákvörðun meirihlutans, á rétt á að fá stutta athugasemd um skoðun sína færða til bókar.

Senda skal viðkomandi nefndarmönnum og sveitarstjórnnum afrit fundargerðar til meðferðar.

## 4. gr.

Nefndin lætur gera uppdrrætti er sýna legu aðalumferðarbrauta og annarra gatna eða vega sem áhrif hafa á skipulag utan þess sveitarfélags þar sem gatan eða vegurinn er. Þá skal í stórum dráttum sýna hina fyrirhuguðu landnotkun.

Ennfremur skal sýna legu meiriháttar mannvirkja, s. s. flugvalla, hafna, háspennulína, vatnsbólá, aðalvatns- og hitaveituaða, jarðhitasvæði, mannvirki sem sérstakt menningar- og sögugildi hafa og náttúrumyndanir sem ætlast er til að óskertar verði.

## 5. gr.

Samvinnunefndin getur sett sér nánari vinnureglur um þá þætti sem um skal fjalla á svæðisskipulaginu. Samvinnunefndin getur kosið framkvæmdanefnd til að hafa með höndum nánari stjórn skipulagsvinnunnar og sett henni nánari starfsreglur.

## 6. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar og viðkomandi sveitarstjórna getur samvinnunefndin ráðið sér starfslið til aðstoðar, en að öðru leyti veitir Skipulag ríkisins nauðsynlega aðstoð.

## 7. gr.

Þegar samvinnunefndin hefur gengið frá tillögu um skipulag svæðisins, eða þann hluta þess sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar á hverjum tíma skal tillagan send til umsagnar viðkomandi sveitarstjórna. Að fenginni umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórna skal samvinnunefnd fjalla um tillöguna á ný og senda hana síðan skipulagsstjórn ríkisins ásamt umsögn sveitarfélaganna.

Um meðferð tillögunnar eftir að hún berst til skipulagsstjórnar fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga nr. 19/1964.

## 8. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig, að hvert sveitarfélag sem aðild á að nefndinni greiðir kostnað vegna sinna fulltrúa. Að öðru leyti skiptist kostnaður við gerð svæðisskipulagsins að jöfnu milli ríkis og þeirra sveitarfélaga er standa að svæðisskipulaginu, samkvæmt höfðatölureglu.

## 9. gr.

Stefnt skal að því að nefndin ljúki nauðsynlegustu störfum fyrir lok núverandi kjörtímabils sveitarstjórna. Ef gildar ástæður þykja til, getur ráðherra framlengt starfstíma- bil nefndarinnar, þó ekki lengur en til fjögurra ára í senn.

## 10. gr.

Til að breyta reglum þessum þarf atkvæði meirihluta nefndarinnar, enda hljóti breytingin staðfestingu ráðherra.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. apríl 1984.*

**Alexander Stefánsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 224

## REIKNINGUR

**Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1983.**

**Rekstrarreikningur fyrir árið 1983.**

	Tekjur	
Vextir af bankainnstæðum .....		kr. 5 616,50
		<hr/> 5 616,50
	Gjöld	
Tekjur umfram gjöld .....		kr. 5 616,50
		<hr/> 5 616,50
	<b>Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1983.</b>	
	Eignir	
Bankainnstæður .....		kr. 19 293,14
		<hr/> 19 293,14
	Skuldir	
<b>Höfuðstólsreikningur:</b>		
Hrein eign pr. 1. jan. 1983 .....	kr. 13 676,64	
Hreinar tekjur árið 1983 .....	kr. 5 616,50	kr. 19 293,14
		<hr/> 19 293,14

*Samgönguráðuneytið, 3. maí 1984.*

**Halldór S. Kristjánsson.**